

18. fundur skólanefndar MK

Mættir:	Flosi Eiríksson, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Arnþór Sigurðsson, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson, Kristín Laufey Guðjónsdóttir nýr fulltrúi foreldra og Andrés Pétursson.
Forfallaðir:	Finnur Beck boðaði forföll og mætti Arnþór í hans stað. Fulltrúi nemenda mætti ekki.
Staður:	Skrifstofa MK
Tími:	Kl. 12:00-13:05
Dags.:	12. apríl 2016

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn og bauð Kristínu Laufeyju nýjan fulltrúa foreldra velkomna á fundinn	FE	
1.	Ársskýrsla MK	MF	
	Skólameistari lagði fram Ársreikning MK frá Fjársýslu ríkisins. Óverulegar breytingar eru frá þeim reikningum sem birtir voru í Ársskýrslu MK. Umræður um fjármögnun framhaldsskóla og voru skólanefndarmenn sammála að staðan væri óásættanleg. Skólanefnd samþykkti síðan Ársreikninginn fyrir sitt leyti..		

2.	Staða reksturs fyrstu 3 mánuðina	MF	
	<p>Staðan er áfram þröng og skólinn rekinn með tapi þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir. Nýtt vinnumatskerfi gerir stjórnendum erfitt fyrir að stýra vinnuálagi. Skólameistari reifaði hugmyndir varðandi lokun skrifstofubrautar og fjarnámi tengdu því og niðurskurð á námi fyrir grunnskólanemendur í Kópavogi. Umræður um málið. Skólaneftnd veitir stjórnendum heimild til að grípa til aðgerða í samræmi við umræður á fundinum. Skólaneftndin biður um nánari gögn varðandi þessar aðgerðir fyrir næsta fund.</p>		
3.	Skólagjöld MK H2016	MF	
	<p>Skólameistari lagði fram tillögur að skólagjöldum fyrir haustönn 2016. Almenn gjöld hækka ekki en gjöld fyrir Leiðsögu- og ferðamálanámið hækka. Einnig skólagjöld fyrir viðurkennt bókaránám. Skólaneftnd samþykkti þessa hækkun með 3 atkvæðum. 2 fulltrúar, Kolbeinn og Arnþór, sátu hjá og vísuðu í fyrri bókun Kolbeins um að ekki ætti að innheimta skólagjöld í framhaldsskólum.</p>		
4.	Önnur mál	MF	
a.	<p>Árshátíð MK verður miðvikudaginn 13. apríl. Undirbúningur gengur vel og er búist við góðri þátttöku</p>	MF	
b.	<p>Kristín Laufey sagði frá endurreisn foreldrafélagsins. Frekar erfiðlega hefur gengið að fá fólk til starfa. En ný stjórn hefur tekið til starfa. Fyrsta verk hennar er að vera með „edrupott“ fyrir nemendur sem mæta á Árshátíð. Ágætlega gekk að safna vinningum. Foreldrarölt er í bígerð.</p>	KLG	
c.	<p>Jóhann Ísak upplýsti að hann hefur sagt upp störfum við skólann frá og með næsta hausti. Nýr fulltrúi kennara</p>	JÍP	

	tekur þá við.		
d.	Andrés upplýsti að hann hefur tekið sæti í Skipulagsnefnd Kópavogs og mun því hætta í skólanefnd MK. Anna María Bjarnadóttir mun taka sæti hans í skólanefnd.	AP	
	Skólanefnd bókaði þakki til Andrésar fyrir samstarfið og áhuga hans á málefnum skólans og óskaði honum velfarnaðar.	FE	

Andrés Pétursson ritaði fundargerð

Uppfært fimmtudagur, 03 nóvember 2016 17:16